

Bókalisti fyrir valflokka.

Guðrún Helgadóttir:

Öðruvísi dagar
Öðruvísi fjölskylda
Öðruvísi Saga

Sigrún Eldjárn:

Eyja gullormsins
Eyja glerfisksins
Eyja sólfugsins

Þórgímur Þráinsson:

Ertu Guð afi?

Ármann Kr. Einarsson

Niður um strompinn
Víkingsferð til Surtseyjar
Lagt út í lífið
Hundakofi í Paradís

Þórarinn Leifsson

Bókasafn ömmu Huldar

Friðrik Erlingsson

Benjamín dúfa

Kristín Helga Gunnarsdóttir

Draugaslóð

Þjóðsögur úr Blá-, Rauð- og Grænkápu.

Kirkjusmiðurinn á Reyni
Átján barna faðir í álfheimum
Kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn
Trunt, trunt og tröllin í fjöllumum
Legg í lófa karls karls
Sagan af Mjaðveigu mánadóttur
Sálin hans Jóns míns

Gilitrutt
Móðir mín í kví, kví
Búkolla

Íslendingasögur í endursögn Brynhildar Þórarinsdóttur:

Njála
Egla
Laxdæla

Að auki verða hraðaspurningar úr ýmsum áttum. Vísbendingaspurningar sem reyna á almenna þekkingu barnanna í heimi skáldverka ætluðum börnum – það geta verið bókatitlar, höfundar og fleira.

Álfhólsskóli Kópavogi.



Spurningarkeppnin Lesum meira

Spurningakeppni miðstigs

Keppnin er gerð í samvinnu skólasafns og kennara miðstigs. Upphaflega hugmyndin er þó hönnun starfsfólks skólasafns Grunnskólans í Grindavík og er það með vitund þeirra og leyfi. Keppnin er eingöngu á milli þeirra bekkja sem eru á miðstigi Álfhólsskóla. Hér eru um 10 bekkjardeildir að ræða og því er erfitt að sjá öllum bekkjum fyrir bókum á sama tíma. Auðsýnt þykir að foreldrar verði að leyfa börnum sínum að kíkja í bókaskápa fjölskyldunnar og jafnvel stórfjölskyldunnar. Einnig er rétt að minna á almenningsbókasöfnin en þau eiga þessar bækur. Það stefnir því í mikinn lestur og vonum við að verkefnið mælist vel fyrir.

Markmiðið er að gera nemendur víðlesnari og auðga þannig orðaforða þeirra og einnig áhuga á bóklestri. Það er mjög mikilvægt að allir velji sér lesefni við hæfi en reyni að taka áskorun og lesa þær bækur sem valdar eru hér sérstaklega.



Þegar um valinn bókakost er að ræða er mikilvægt að allir hjálpist að. Foreldrar og börn heima og í skólanum getur bekkurinn staðið vel sama. Bekkir sem vinna vel saman og skipuleggja lesturinn saman geta komist yfir mun meira magn bóka en hinir. Við bendum á að það er mikilvægt að foreldrar styðji börn sín og hvetji en einnig að margar leiðir eru til við að lesa erfiðari bækur eins og víxllestur, samlestur og umræður. Lesum því og lesum.

Uppbygging og fyrirkomulag

Spurningarkeppnin skiptist í fjóra hluta: Fyrst eru hraðaspurningar sem koma úr ýmsum áttum og skiptir þá máli að hafa verið duglegur að lesa gegnum tíðina því ekki er hægt að undirbúa sig sérstaklega fyrir þennan þátt. Svo koma vísbendingaspurningar sem reyna á almenna þekkingu barnanna í heimi skáldverka ætluðum börnum. Þar eru spurt um höfunda, bókartitla og fleira. Þar á eftir eru ágiskunarspurningar en þá velur liðið einn leikara og snýst þessi liður um að leika orð sem geta verið nafnorð, sagnorð eða lýsingarorð og á liðið að reyna að ná sem flestum réttum orðum á einni mínútu. Þá koma valflokkarnir sem eru níu – þ.e. þrjár spurningar úr hverjum flokki sem gefa 1 – 3 stig. Krakkarnir fá nú lista yfir bækur sem þau þurfa að lesa

Reglur í spurningakeppni á miðstigi

1. Hraðaspurningar í 60 sek. – dregið er um hvort liðið byrjar og hitt liðið vikur afsíðis á meðan.
2. Vísbendingarspurningar (bjölluspurningar) 20 sek. umhugsunartími. 3 spurningar í hverri keppni eru í þremur liðum sem gefa frá einu stigi upp í þrjú. Það lið sem fyrr nær bjöllunni fær svarréttinn (sú hönd sem neðar er á bjöllunni)
3. Ágiskunarspurningar – leika orðhversu mörgum réttum orðum nær liðið á 60 sek.
4. Valflokkar – 30 sek. – umhugsunartími - fjórir flokkar og má það lið velja fyrst sem lægra er að stigum. 3 spurningar í hverjum flokki sem gefa 1 – 3 stig hver. Ef lið getur ekki svarað spurningunni fær andstæðingurinn tækifæri til að svara og vinna sér inn þau stig sem í boði eru. Bæði lið geta nýtt sér hjálparmöguleikann „að spyrja bekkinn“ einu sinni. Ef lið eru jöfn að stigum eftir að keppni er lokið er gripið til bráðabana – notast er við bjölluspurningar og það lið sem fyrr er að svara rétt vinnur.

